

vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal hún afplánuð með sjö mánaða varðhaldi.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 111/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

**Guðna Jónssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal  
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómæringing héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómariinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómariinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærundur telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 19. júní 1942 skýrir dómariinn kærða frá því, „að staðfesting færi fram á framburði kærendanna eftir helgina og honum yrði tilkynnt, hvenær það yrði, svo að

hann gæti mætt þar, en að öðru leyti væri rannsókn málsins lokið.“ Eftir það hefur dómariinn þinghöld 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghalda, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kæruatriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann óskaði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á mála-tilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur rikissjóði, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir rikissjóður, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einaris B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 300 krónur til hvors.

#### Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst s. l. er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jónssyni Vegamótum hér í bæ. skipstjóra á v/b Gullveigu VE 331, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Kærði, Guðni Jónsson, hefur tvisvar sætt sekt fyrir ölvun og óspektir, 25 kr. í fyrra skiptið, en 50 kr. hið síðara sinnið, en annars ekki sætt sekt né kæru fyrir lagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Þann 25. marz 1942 voru trillubátarnir Gæfa VE 302 og Ólí

VE 103 á handfærafiskirri undir Landeyjasandi. Sáu bátsverjar þá v/b Gullveigu VE 331, sem kærður er skipstjóri á, að þeim virtist á botnvörpuveiðum á 14—16 faðma dýpi út af gamla strandinu, sem er rétt vestan við ós Álanna og þar vestur af. Þar sem svæði þetta er langt innan landhelgi, kærðu þeir málið fyrir bæjarfógeta.

Kærður, skipstjórinn á Gullveigi, hefur viðurkennt að hafa verið á þeim slóðum og tíma, sem trillumennirnir halda fram, en neitar eindregið að hafa verið þar að botnvörpuveiðum. Hann kveðst hafa legið þarna í skjóli nokkurn tíma, en vindur verið annars staðar úti í sjó.

Formennirnir á fyrrgreindum trillubátum, þeir Kristinn Ástgeirsson og Sigurjón Ólafsson, og háseti hans Ástgeir Kristinn Ólafsson, hafa allir borið það fyrir réttinum og staðfest þann framburð sinn með eiði, að kærður hafi þann 25. marz s. l. verið að botnvörpuveiðum á báti sínum v/b Gullveigu á 14—16 faðma dýpi út af gamla strandinu, sem er vestan við Álaósinn og þar vestur af, og hafi þeir séð togstrengina aftur af bátnum, er hann var að toga, enda hafi Gæfa komið það nærri Gullveigu, að talað var milli skipanna.

Þar sem ekkert það hefur fram komið í málinu, er veiki eða hnekki þessum vitnaframburði, verður að teljast nægilega sannað, að kærður hafi gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4 frá 11. apríl 1924. Og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin, með tilliti til gullgengis íslenzkrar krónu, sem nú er 33.90, og að hér er um að ræða fyrsta brot kærðs á landhelgislögunum, 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og komi sjö mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún ekki greiðist innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptekt afla er ekki að ræða, né veiðarfæra, þar sem svo langt er um liðið, er málið kom fyrir setudómarann, og frá því að brotið var framið.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jónsson, greiði 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og komi sjö mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.